

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: GS lausnir ehf.  
kt. 490720-0730

Starfsstöð: Hjallaleira 15, 730 Reyðarfjörður

Leyfið gildir frá dd. mmm 2022 til dd. mmm 2034

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Sorphirðu og flutning á úrgangi til söfnunar- og/eða móttökustöðvar
- Flutning á spilliefnum til móttökustöðvar
- Viðgerðaraðstöðu eigin véla og tækja í eigu fyrirtækisins

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt.

Starfsleyfi þetta skal vera aðgengilegt á starfsstöð. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

  
Dröfn Svanejörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi

Dröfn Svanejörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



**HAUST**  
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: GS lausnir ehf., kt. 490720-0730

Starfsstöð: Hjallaleira 15, 730 Reyðarfjörður

Leyfið gildir frá dd. mmm 2022 til dd. mmm 2034

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- Sorphirðu og flutning á úrgangi til söfnunar- og /eða móttökustöðvar
- Flutning á spilliefnum til móttökustöðvar
- Viðgerðaraðstöðu eigin véla og tækja í eigu fyrirtækisins

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 4. desember 2020. Starfsleyfinu var breytt í samræmi við upplýsingar sem fram komu á fundi HAUST með fulltrúum starfsleyfishafa og sveitarfélaginu Fjarðabyggð þann 3. maí 2022.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.
- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit
- Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br.

### 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur sorphirðu frá heimilum og fyrirtækjum og flutning á úrgangi til söfnunar- og/eða móttökustöðvar, að auki flutning á spilliefnum til viðeigandi móttökustöðvar. Leyfið nær einnig til viðgerðaraðstöðu eigin véla og tækja í eigu fyrirtækisins sem og vörslu á gámum og öðru sem tilheyrir rekstrinum á lóð fyrirtækisins.

Fráveita frá húsnæðinu er leidd í sambyggða sand- og olíuskilju frá Sæplasti að stærð 2,25 m<sup>3</sup> með sýnatökubrunni að aftan. Afrennslið er leitt í fráveitukerfi Fjarðabyggðar.

Um starfsemina gilda m.a.

- Fylgiskjal I - Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi
- Fylgiskjal II - Starfsleyfisskilyrði fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur
- Fylgiskjal III - Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning á úrgangi öðrum en spilliefni
- Fylgiskjal IV - Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning á spilliefnum

## 1. Almenn ákvæði og gildissvið

---

### 1.1. Ábyrgð starfsleyfishafa

Starfsleyfishafi er ábyrgur fyrir starfseminni og því að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum hverju sinni sem og fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfsemi sinnar og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Starfsemi rekstraraðila skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem þekkingu hefur á öllum búnaði starfstöðvarinnar og þeim starfsháttum sem starfsleyfið þetta kveður á um. Skal starfsmaðurinn jafnframt kunna skil á öðrum ákvæðum starfsleyfis og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda.

### 1.2. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal upplýsa útgefanda starfsleyfis tímanlega um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið. Við áform um slíkar breytingar skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfi eftir því sem við á. Ef fyrirhuguð breyting sem rekstraraðili áformar, sbr. 1. mgr. er umtalsverð skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfið.

### 1.3. Stöðvun rekstrar

Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Austurlands með minnst mánaðar fyrirvara um tímabundna rekstrarstöðvun eða varanlega rekstrarstöðvun og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megí út frágang á aðstöðunni.

Gera skal ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði fargað á viðurkenndan hátt.

### 1.4. Endurskoðun starfsleyfis

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tæknipróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Leiði endurskoðun eða breyting á starfsleyfi til breytinga á starfsleyfissskilyrðum skal útgefandi starfsleyfis auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur.

### 1.5. Valdsvið og þvingunarúrræði

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 2. Umhverfið, umhverfismarkmið og áætlanir

---

### 2.1. Umhverfismarkmið

Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

### 2.2. Umhverfisstjórnunarkerfi

Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

### 2.3. Viðbragðsáætlun

Starfsleyfishafi skal útbúa viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunin skal að lágmarki fela í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til heilbrigðiseftirlitsins. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi eða aðstæðum á starfsstöð, og yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg starfsmönnum og eftirlitsaðila.

### 2.4. Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun á sinn kostnað. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.

Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

### 2.5. Lóð og umhverfi

Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu og lóðarmörk virt. Allar vélar og tæki og annað það er starfseminni tilheyrir skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágranna.

Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóð fyrirtækisins.

## 3. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láða og/eða lagar sem kannað stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind. Engar breytingar verði gerðar á frárænnisli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

### 3.1. Fráveitur

Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárænnisli skal fara samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður.

Olíuskilja skal vera á fráveitu þar sem vinna með olíur fer fram, þ.e. gólfi og vöskum í vinnusal áður en lagnir sameinast skólpplögn. Sama gildir um þrær og plön undir olíutanka, einnig úrgangsolíutank. Olíuskiljur skulu gerðar í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunnar um olíuskiljur og gildandi staðla um olíuskiljur, sbr. viðauka II í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, og hreinsa olíu niður fyrir 15 ppm í frárænnislinu að lágmarki. Frárænnisli sem í olíuskilju fer skal renna um sandskilju.

Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárænnisli frá olíuskilju og taka sýni úr frárænnislinu. Allar nýjar olíuskiljur skulu útbúnar sjálfvirkum viðvörunarbúnaði og lokunarbúnaði ef olíurými í skiljunni er innan við 150 sinnum nafnstærð skiljunnar.

Hafa skal reglubundið eftirlit með mengunarvörnum og hreinsa með reglubundnum hætti, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi. Mæla skal magn olíu í skiljunni reglulega, en þó eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Tæma og hreinsa skal eftir þörfum með hliðsjón

af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um olúskiljur. Viðurkenndur aðili með tilskilin leyfi skal annast tæmingar og skal það gert eftir þörfum. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald skal skrá og dagsetja í innra eftirlit starfstöðvar.

Þvottur véla- og vélarhluta skal fara fram á olíuheldu yfirborði með afrennsli um olúgildru eða í þar til gerðum þvottavélum með lokuðu kerfi.

Þvottur tækjum og bifreiðum skal fara fram á olíuheldu yfirborði með afrennsli um sandfang og olúgildru.

Starfsleyfishafi skal tryggja að mælingar á frárennsli sbr. kafla 4 í starfsleyfi þessu séu framkvæmdar.

### **3.2. Meðferð úrgangs**

Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br. og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br., eftir því sem við á.

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins og flokkaður eftir því sem tók eru á til endurvinnslu eða endurnotkunar.

Úrgangur sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal meðhöndla af varúð og þess vandlega gætt að hann hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings. Spilliefni skulu geymd í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni. Geymsla spilliefna skal vera undir þaki eða skyggni með ógegndræpu yfirborði þar sem fráveita er tengd viðeigandi mengunarvarnabúnað. Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

### **3.3. Olúgeymar**

Við rekstur olúgeyma ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar olíu eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.

Staðsetja skal olúgeyma s.s. neyslugeyma, einnig úrgangsolútank, á vökvaheldu yfirborði tengt olúskilju, þar sem því verður við komið. Annars skal gæta þess að jarðvegur undir sé eins þéttur og völ er á og að ekki halli þannig frá geymasvæði að olíuleki breiðist auðveldlega út. Staðsetning olúgeyma þarf samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits. Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og leiðbeiningar Umhverfisstofnunnar um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.

### **3.4. Efnavara**

Við meðhöndlun og geymslu efnavöru ber að fylgja ákvæðum efnalaga nr. 61/2013. Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

Meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lífdísel og öðrum lífoldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á hættulegum eiginleikum þeirra efna sem það getur komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar í starfstöðinni. Gæta skal að ákvæðum laga nr. 46/1988 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn.

### 3.5. Mengunarvarnabúnaður

Mengunarvarnabúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum.

### 3.6. Hávaði

Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

### 3.7. Loftmengun

Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og viðhalda þannig þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti. Þess skal gætt að ryk og lyktarmiklar eða hættulegar lofttegundir valdi ekki óþægindum eða hættu í nærliggjandi umhverfi.

## 4. Prófanir og sýnatökur

---

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

### 4.1. Mælingar í frárennsli

Rekstraraðili skal framkvæma mælingar á frárennslisvatni olúskilju reglulega, fyrst innan árs frá útgáfu starfsleyfisins. Tíðni mælinga á fráveituvatni olúskilju skulu ákveðnar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Rannsaka skal magn olíu og fitu í fráveituvatninu. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og einnig skráðar í gögn um innra eftirlit starfstöðvar. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm (mg/L) af olíu í fráveituvatni frá skiljunni.

Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka.

Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykkir.

### 4.2. Sjálfvirkur búnaður

Rekstraraðili skal láta prófa allan sjálfvirkan búnað, s.s. nema o.þ.h., árlega. Niðurstöður skulu skráðar í gögn um innra eftirlit starfstöðvar.

## 5. Innra eftirlit

---

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Krafa er um að á starfstöðinni sé virkt og sýnilegt innra eftirlit, sem m.a. er fólgin í skráningu á eftirfarandi:

- Upplýsingar um úrgang, þ.e. skrá skal upplýsingar um allan úrgang sem er fluttur. Skrá skal tegund úrgangs, magn, uppruna, og ráðstöfun hverrar tegundar.
- Halda skal saman kvittunum fyrir spilliefnum sem starfstöðin skilar til viðurkenndrar móttökustöðvar, þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefna ásamt dagsetningu skilanna.
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum. Halda skal saman dagbókafærslum um reglubundið eftirlit starfsmanna með olúskilju, þ.e. dagsetning eftirlits og magn olíu og sands í skilju.
- Vegna tæmingu á olúskilju skulu kvittanir fyrir þjónustu vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Á kvittunum skal koma fram dagsetning tæminga sem og upplýsingar um það magn sem var tekið.

- Upplýsingar um prófanir á sjálfvirkum búnaði, s.s. á viðvörunarbúnaði og skynjurum, eftir því sem við á.
- Rannsóknaniðurstöður af mælingum á olíu í fráveituvatni frá olíuskilju.
- Óhöpp og slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, sem og viðbrögð við þeim.
- Kvartanir m.t.t. umhverfismála

Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennislagna.

Halda skal skrá yfir olúgeyma starfstöðvar, þ.e. fyrir neyslu-, húsa- eða lausageyma sem eru í notkun.

Tæknilegar upplýsingar um olúgeyma og olíu- og sandskiljur skulu vera tiltækar í gögnum fyrirtækisins.

**Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.**

Virðingarfyllt,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi